

Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á áfengislögum, sala á framleiðslustað – 12.10.2020

Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Áfengi veldur gífurlegu samfélagslegu tjóni. Að leggja til breytingar sem munu auka áfengisneysluna eru mikil mistök.

Áfengisforvarnir ríkisvaldsins byggja á fjórum meginstoðum í regluverki: Takmarka aðgengi að áfengi í tíma og rúmi, það er, hvernær og hvar er hægt að kaupa áfengi, aldurstakmörk á neyslu og kaupum á áfengi, og stýringu á verði áfengis, t.d. með áfengisgjaldi (og lágmarksverði á áfengiseiningu eins og gert er í Skotlandi).

Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, ÁTVR, og einkaleyfi hennar á smásölu áfengis til neytenda er hornsteininn í áfengisforvörnum á Íslandi og er besta leiðin til að þessar meginstoðir virki. Og almenningur vill hafa ÁTVR áfram. Áfengisíðnaðurinn berst hatrammlega fyrir því að leggja ÁTVR niður því þeir vita það þá mun seljast meira áfengi og fleiri munu verða þrælur Bakkusar og þeir munu græða. Ef áfengisala ríkisins í Svíþjóð yrði lögð niður er talið að áfengisneysla ykist um meira en 31 %.

Að leyfa brugghúsum að selja áfengi í smásölu, í kippu- og kassavís heggur skarð í þann varnarvegg sem ÁTVR er. Með því að selja áfengi í gegnum ÁTVR þá er tryggt að ekki er selt í gegnum einkaaðila sem reynir að selja sem mest eitur í hagnaðarskyni og hugsar ekkert um tjónið sem eitrið veldur. Sveitarfélög munu tapa margfalt meira á þessari eiturlyfjaneyslu en þau fá inn frá sölu áfengis.

Þetta frumvarp um vefverslun er í raun tangarsókn að ÁTVR – talað er fjálglega um heimsendingar á eiturlyfinu, áfengi (humarpizza og hvítvín?) og talað um að þetta muni hjálpa litla eiturlyfjaframleiðandum. En í raun er lokatakmarkið að **rústa ÁTVR**.

Í dag getur fólk hlaðið niður appi í símann sinn frá t.d. McDonalds og staðið fyrir utan staðinn og pantað. Eða farið inn á staðinn, þar er snertiskjár (sem sendir pöntunina yfir „internetið“) þar sem þú pantar og borgar vöruna og sækir síðan vöruna 10 metra í burtu við afgreiðsluborð. Þetta er það sem yrði sett upp í Hagkaup og Costco um leið og þetta frumvarp yrði að lögum. Og áfengið yrði selt mun ódýrara en í ÁTVR og neyslan og tjónið mun stórukast. Farið fram hjá smásölubanninu, ÁTVR sniðgengið og þannig lagt niður. Þetta má ekki gerast.

Dómsmálaráðherra með því að setja fram þessar breytingar þá vinnur hann ekki aðeins gegn markmiðum síns eigin ráðuneytis, heldur líka **heilbrigðisráðherra** og **félags- og barnamálaráðherra**. Og **samgöngumálaráðherra** og **sveitarstjórnarráðherra** (aukið tjón í umferðinni og þyngri róður hjá sveitarstjórnnum vegna aukins álags og skaða vegna áfengisneyslu).

Dómsmálaráðherra vinnur gegn Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem eru lög á Íslandi, gegn WHO - Global strategy to reduce harmful use of alcohol, gegn WHO - European action plan to reduce the harmful use of alcohol 2012–2020, gegn WHO - Global Action Plan for the Prevention and Control of NCDs 2013-2020 og gegn NDPHS Declaration on Alcohol Policy. Hjá WHO í Evrópu er stefnan að minnka áfengisneyslu í Evrópu um 10 % miðað við árið 2010 fyrir árið 2025. (Á Íslandi vex áfengisneysla). O.s.frv. Dómsmálaráðherra vinnur því gegn utanríkisstefnu Íslands og einnig framlagi þess í þróunarmálum – gegn **utanríkis- og þróunarmálaráðherra**.

Áfengisneysla skilur eftir sig stórt kolefnisfótspor og skaðar vistkerfi og vinnur því gegn markmiðum **umhverfisráðherra**. Með tillögum sínum er unnið gegn **landbúnaðarráðherra** því þær styðja fólk á villigötum í að breyta matvælum í eiturlyf og varla styður landbúnaðarráðherra það?? Dómsmálaráðherra vinnur gegn **menntamálaráðherra** því áfengisneysla foreldra tálmar oft menntun barnsins og margir stúdentar hafa flosnað úr námi vegna eigin drykkju. Og **iðnaðar- og nýsköpunaráðherra** veit að áfengisneysla veldur gríðarlegu framleiðslu- og framleiðnitapi hjá fyrirtækjum og að margur nýsköpunarsprotinn hefur druknað í alkóhóli. Dómsmálaráðherra vinnur gegn **fjármálaráðherra** því áfengisneysla kostar þjóðina gríðarlega fjármuni. Hann gæti fyrir þá fjármuni byggt nýjan Landspítala á hverju ári. Þetta samfélagslega tap ykist um yfir 30 milljarða á ári ef ÁTVR legst niður. Dómsmálaráðherra vinnur líka gegn **forsætisráðherra**, því hann ber ábyrgð á Heimsmarkmiðunum og áfengisneysla tálmar 14 af meginmarkmiðunum 17. **Dómsmálaráðherra er í andstöðu við eigin ríkisstjórn.**

Núna er október, Bleikur október, og dómsmálaráðherra leggur fram frumvarp sem eykur neyslu á áfengi, þekktum krabbameinsvaldi, sem veldur m.a. brjóstakrabbameini.

Að lokum – nú þegar COVID geisar og eins og þeir sem þekkja til í löggæslu-, heilbrigðis- og félagsmálum benda á og vara við aukinni heimadrykkju með tilheyrandi áfengisvandamálum og auknu heimilisofbeldi þá

kemur dómsmálaráðherra með frumvarp sem eykur neyslu áfengis. Hún gengur gegn tilmælum Landlæknis og gegn tilmælum Alþjóðaheilbrigðisstofnunar, WHO, sem vara eindregið við notkun áfengis, sérstaklega nú á tímum COVID.

Það er ekkert fallett við að berjast fyrir ítrustu viðskiptahagsmunum einkaaðila gegn lýðheilsu þjóðarinnar.

Björn Sævar Einarsson, Formaður **Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi**